

Velferðarnefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Skjal: F1906001  
Hafnarfjörður, 3. júní 2019

## Umsögn

### Barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) 126. mál, frumvarp, 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Félag um foreldrajafrétti lýsir yfir fullum stuðningi við frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) í máli nr. 126. Með þessari breytingu á barnaverndarlögum verði ólögmat tálmun eða takmörkun á umgengni gerð að barnaverndarmáli eins og annað ofbeldi sem börn verða fyrir af hálfu umsjáraðila sinna. Félagið vísar í fyrri umsögn við sama mál þegar það var flutt á 146. Löggjafarþingi:

<https://www.althingi.is/alttext/erindi/146/146-1508.pdf>

Þá vill félagið benda á að Alþjóða heilbrigðisstofnunin WHO hefur nú, [25. maí 2019](#), samþykkt 11. útgáfu á alþjóðlegu flokkunarkerfi sjúkdóma (e. International classification of diseases [ICD-11](#)) þar sem foreldraútilokun hefur flokkunarkóðann: [QE52.0](#) Caregiver-child relationship problem. Þegar leitað er að “parental alienation” í flokkunarkerfi WHO vísar það á QE52.0 sem verulegt vandamál sem hefur neikvæð áhrif á heilsu barns.

Foreldraútilokun (parental alienation) getur átt sér stað með eða án tálmunar á umgengni og jafnvel þegar foreldrar búa saman. Þegar tálmun á umgengni á sér stað má hins vegar gera ráð fyrir því að um grófa foreldraútilokun sé að ræða.

Fulltrúar Félags um foreldrajafrétti eru ávallt reiðubúnir að mæta á fund með nefndarmönnum til nánari skýringa og umræðu.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson, formaður